

## FJALLSKILASEÐILL FYRIR SAURBÆ ÁRIÐ 2024

Leitir og réttir í fjallskiladeild Saurbæjar verða á eftirfarandi hátt:

Fyrri leit fer almennt fram laugardaginn 14. september en gert er ráð fyrir að Torffjall verði smalað 7. september. Réttarhald í Brekkurétt hefst kl. 11<sup>oo</sup> sunnudaginn 15. september.

Seinni leit fer almennt fram laugardaginn 28. september en gert er ráð fyrir að Torffjall verði smalað fyrr eins og verið hefur undanfarin ár – leitarstjóri og leitarmenn komi sér saman um tímasetningu.

Réttarhald í Brekkurétt hefst kl. 13<sup>oo</sup> sunnudaginn 29. september.

Fjáreigendur sinni eftirleitum þar sem þeir eiga fjárvon eftir skipulagðar leitir í samráði við leitarstjóra og landeigendur þar sem við á.

Verði að fella niður leit vegna veðurs skal hún fara fram næsta færan dag.

Fjallskiladagsverkið er metið kr. 12.220,- Kostnaður á hverja kind er kr. 520,-

### Leitarstjórar eru:

Á Hvolfsfjalli, Brekkudal og Svínadal austanverðum	Steinþór Logi Arnarsson s: 858 1999
Á Hvítadal og Svínadal vestanverðum	Þorbjörn Gerðar s: 861 7249
Í Grandastaðaleit	Jón Ingi Ólafsson s: 434 1556 / 867 7286
Á Traðardal og Þverdal	Guðmundur Gunnarsson s: 434 1521 / 893 3593
Á Torffjalli	Ragnheiður Pálsdóttir s: 849-2725

Réttarstjórn í Brekkurétt: Guðmundur Gunnarsson s: 434 1521 / 893 3593

Réttarstjóri annast úrtíningu og sér til þess að fé í safngirðingu hafi aðgang að vatni.

### Réttarmenn í Skerðingsstaðarétt:

Í fyrri leit	Jón Ingi Ólafsson s: 867 7286
Í seinni leit	Stefán Rafn Kristjánsson s: 783 6560

Fjallskilanefnd sér til þess að fé úr Saurbæ verði sótt í Skarðsrétt og að fé úr Hvammssveit og Laxárdal verði tekið með. Einnig að fé úr Saurbæ sem kemur í Hvammssveit úr Gillastaðarétt verði sótt og fé af Skarðsströnd verði tekið með.

Öll leitar svæði skal leita tvisvar fyrir skilarétt sem er 29. september, en fjallskilanefnd gerir ekki athugasemd við að leit fari fram á öðrum dögum en tilgreindir eru hér að ofan, telji leitarstjóri í samráði við leitarmenn á viðkomandi svæði að það skili betri árangri.

Allir ábúendur eða umráðamenn jarða eru skyldir að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst. Leitarstjórar stjórna leitum hver á sínu svæði og skulu sjá um ásamt leitarmönnum að koma ókunnugu fé til réttar.

Nauðsynlegt er að þeir sem af einhverjum ástæðum geta ekki lagt til menn í leitir, tilkynni það viðkomandi leitarstjóra með sem mestum fyrirvara svo hægt sé að útvega menn í þeirra stað. Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari, ber þeim að greiða þau með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar eða leitarmenn tilkynna um vanrækslu til sveitarstjóra.

Allar kindur sem koma til Brekkuréttar verða taldar.

*Fjallskilanefnd: Jón Ingi Ólafsson, Steinþór Logi Arnarsson og Þórunn Elva Þórðardóttir*

Leitir / réttir	Fjárfjöldi skv. haustskýrslum	Hvolsfjall		Brekudalur / Svínadalur A		Svínadalur V / Hvítidalur		Grandastaðaleit		Traðardalur / Þverdalur		Torffjall		Brekurétt / réttarstjórn		Skerðingsstaðarétt		Úthlutuð dagsverk	Greitt úr fjallskilasjóði	Greitt í fjallskilasjóð
		1	2	1	2	1	2	1	2	1	2	1	2	1	2	1	2			
Stóra-Holt	597	5	6	7	7													25		4.940
Litla-Holt	180					2	2					2	2					8	-4.160	
Neðri-Brunná	324	7	6															13		9.620
Efri-Brunná	65					1												1		21.580
Fremri-Brekka	7																	0		3.640
Hvítidalur 2	307					7	6											13		780
Efri-Múli	223						2	2	2								3	9		5.980
Stóri-Múli	107							2					2					4		6.760
Þurranes	407							6	8							3		17		3.900
Kverngrjót	261											5	6					11		1.300
Mikligarður	24								1									1		260
Kjarlaksvellir	543							2	1	7	7	2	2	1	1			23		1.300
Foss	15											1						1	-4.420	
<b>Samtals</b>	<b>3060</b>	12	12	7	7	10	10	12	12	7	7	10	12	1	1	3	3	<b>126</b>	<b>-8.580</b>	<b>60.060</b>
		12	12	7	7	10	10	12	12	7	7	10	12	1	1	3	3			

Sjóður: 51.480

## Fjallskilanefnd

Jón Ingi Ólafsson - 867 7286

Steinþór Logi Arnarsson - 858 1999

Þórunn Elva Þórðardóttir - 434 1523 / 897 0269